



**Fjallabyggð**  
Ólafsvegi 4  
625 Ólafsfirði

## Deiliskipulag athafna- og hafnarsvæðis í Ólafsfirði, umsögn

Yðar tilvísun:

Vegagerðin hefur farið yfir tillögu að deiliskipulagi fyrir athafna- og hafnarsvæði í Ólafsfirði skv. tölvupósti dags. 9.7.2021.

Við Ólafsfjarðarveg 82 (Múlaveg) eru í dag nokkrar tengingar sem eru illa afmarkaðar og því hættulegar. Ekki er mælt með því að fjölga tengingum við Ólafsfjarðarveg. Einnig þarf að afmarka núverandi tengingar (hús nr. 2,7 og 13).

Síða 1 / 1

Samkvæmt uppdrætti er gert ráð fyrir tveimur nýjum lóðum við Ólafsfjarðarveg 82 (Múlaveg). Eins og hefur komið fram er óæskilegt að fjölga tengingum við Ólafsfjarðarveg og er því mælt til þess að fundin verði leið til að sameina tengingar á svæðinu eða tengja lóðirnar að vestan frá Námuvegi.

Staðsetja þarf tengingar við Ólafsfjarðarveg í samráði við Vegagerðina. Samkvæmt vegalögum nr. 80/2007 þarf leyfi Vegagerðarinnar fyrir tengingum við þjóðvegi sem og öllum mannvirkjum og framkvæmdum innan veghelgunarsvæðis.

Við Múlaveg 1a er teiknað gróðurbelti sem liggur meðfram vegi. Gæta þarf þess að gróður skyggi ekki útsýni akandi og gangandi umferðar á gatnamótum sunnan lóð.

Meðfylgjandi er úttekt á umferðaröryggi Ólafsfjarðar frá 2012 en þar er m.a. bent á fjölda tenginga við þjóðveg.

Vegagerðin gerir ekki frekari athugasemdir við tillöguna.

**Vegagerðin**  
Borgartún 5-7  
105 Reykjavík  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Magnús Björnsson

Undirskrift

---